

Ed.

69. Frumvarp til laga

[62. mál]

um breyting á lögum um verðlagsráð sjávarútvegsins, nr. 97 18. desember 1961.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

9. liður B-liðar 1. gr. laganna orðist svo:

2 fulltrúar tilnefndir af verksmiðjueigendum á Suður- og Vesturlandi.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 3. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þegar ákveða skal verð á fiskúrgangi úr sjávarafla öðrum en sild, skal verðlagsráð skipað 3 fulltrúum söluaðilja þannig: 1 frá samtökum sjómanna sem sé sameiginlega tilnefndur af fulltrúum eftirtalinna aðilja í verðlagsráði: frá Sjómannasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, 1 frá Landssambandi íslenskra útvegsmanna og 1 sem sé sameiginlega tilnefndur af fulltrúum eftirtalinna aðilja í verðlagsráði: Frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Sölusambandi íslenskra fiskframleiðenda, fiskvinnslustöðva á vegum Sambands íslenskra samvinnufélaga og Samlagi skreiðarframleiðenda og má síðastnefndi fulltrúinn ekki eiga aðild að kaupum á fiskúrgangi, vera félagsbundinn eða hafa hagsmuna að gæta í samtökum verksmiðja þeirra, er tilnefna fulltrúa kaupenda samkvæmt þessari málsgrein, og 3 fulltrúum kaupenda þannig: 1 frá samtökum sildarverksmiðja á Austur- og Norðurlandi og 2 frá verksmiðjueigendum á Suður- og Vesturlandi.

3. gr.

Á eftir orðunum „að ákveða lágmarksverð á öllum tegundum fersks sjávarafla“ í 1. tölulið 5. gr. laganna komi inn orðin: og fiskúrgangi.

4. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 60 24. desember 1964 um breyting á lögum nr. 97 18. desember 1961, um verðlagsráð sjávarútvegsins inn í lög nr. 97 18. desember 1961 um verðlagsráð sjávarútvegsins og gefa þau út svo breytt.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í sambandi við ákvörðun fiskverðs á undanförunum árum, en þó sérstaklega í sambandi við ákvörðun verðsins á s. l. vetri, hefur komið í ljós, að það er annmörkum hundið, að ákvörðun verðs á fiskúrgangi skuli falla utan ramma laganna um verðlagsráð sjávarútvegsins. Sala á úrgangi er þýðingarmikill liður í tekjum fiskvinnslustöðva, og þá einkum frystihúsa, og skiptir því úrgangsverðið verulega máli fyrir ákvörðun fiskverðsins sjálfs. Á hinn bóginn eiga sjómenn og útgerðarmenn nú enga aðild að ákvörðun úrgangsverðsins og þær fiskvinnslustöðvar, sem ekki eiga sjálfar hlutdeild í fiskimjölverksmiðjum, telja sig hafa veika aðstöðu í samningum um úrgangsverð. Það frumvarp, sem hér er lagt fram, miðar að því að bæta úr þessum annmörkum. Gerir frumvarpið ráð fyrir, að Verðlagsráð fjalli um verð á fiskúrgangi með svipuðum hætti og um fiskverð. Skal ráðið þá skipað 3 fulltrúum söluaðila, þ. e. sjómanna, útgerðarmanna og fiskvinnslustöðva og 3 fulltrúum kaupenda, er tilnefndir séu af sildar- og fiskimjölverksmiðjum. Náist ekki einróma samkomulag í verðlagsráði um ákvörðun úrgangsverðs, mun yfirnefnd fjalla um ágreiningsatriðin á þann hátt, sem 9. gr. laganna gerir ráð fyrir, en ekki er talin ástæða til, að nein breyting verði á ákvæðum þeirrar greinar í sambandi við þá breytingu laganna, sem þetta frumvarp gerir ráð fyrir.